

eru og hverjir taki við tilkynningum fyrir aðila. Þá skal ágreiningsefni stuttlega lýst og með hvaða hætti það eigi undir gerðardóminn.

Svo skjótt sem auðið er, sendir dómsforseti aðilum eða talsmönnum þeirra tilkynningu um fyrirtöku málsins.

7. gr.

Kröfur aðila fyrir gerðardómi skulu vera skýrar. Gerðarmenn skulu ávallt gefa aðilum kost á að gera kröfur, færa fram sönnunargögn, kynna sér gögn málsins og tjá sig um sakarefnið. Gæta skal jafnræðisreglu.

Gerðardómurinn ákveður sjálfur málsmeðferð. Hraða skal gerðarmáli svo sem kostur er. Málflutningur fyrir gerðardómnum skal að jafnaði vera munnlegur og ætíð ef aðili krefst þess.

Dómurinn heldur gerðarbók þar sem skráð eru þinghöld og dómsorð rituð.

8. gr.

Gerðardómur skal vera skriflegur, skýr, rökstuddur í meginatriðum og undirritaður af þeim gerðarmönnum sem að dómi standa. Sátt fyrir gerðardómi skal vera skrifleg og undirrituð af aðilum og gerðarmönnum.

9. gr.

Dómar gerðardómsins og sáttir sem gerðar eru fyrir honum eru bindandi fyrir báða (eða alla) mál aðila um efnisatriði máls eftir sömu reglum og almennt gilda um sammingsbundna gerðardóma, sbr. lög nr. 53/1989.

10. gr.

Að því leyti, sem ekki er öðruvísi kveðið á í reglum þessum, skal við málsmeðferð fyrir gerðardómnum gætt meginreglna laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði með síðari breytingum.

11. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 72. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 9. ágúst 1991.*

**Halldór Blöndal.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

## SKIPULAGSSKRÁ

**Landgræðslusjóðs, samþykkt á aðalfundi Skógræktarfélagss Íslands  
á Ísafirði 25.–27. ágúst 1989.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Landgræðslusjóður. Hann er stofnaður fyrir atbeina landsnefndar lýðveldiskosninganna og forgöngu Skógræktarfélagss Íslands, samtímis atkvæðagreiðslunni 20.–23. maí 1944, til minningar um stofnun lýðveldis á Íslandi.

## 2. gr.

Stofnfé sjóðsins var:

a. Frjáls framlög er söfnuðust . . . . .	kr. 130 000,00
b. Eftirstöðvar þess fjár, sem landsnefnd lýðveldiskosninganna barst frá nokkrum stofnunum, til þess að standa straum af kostnaði í sambandi við lýðveldiskosningarnar . . . . .	kr. 250 000,00
	<hr/>
	kr. 380 000,00

## 3. gr.

Verksvið sjóðsins er hvers konar landgræðsla og gróðurvernd, en aðalhlutverk hans skal þó vera að klæða landið skógi.

## 4. gr.

Stjórn Landgræðslusjóðs skipa stjórn Skógræktarfélags Íslands, skógræktarstjóri og landgræðslustjóri sem tilnefna varamenn í forföllum sínum. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnin leggur starfsskýrslu og ársreikninga sjóðsins fyrir aðalfund Skógræktarfélagi Íslands. Reikningarnir skulu endurskoðaðir af eftirlitsmönnum opinberra sjóða og birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

## 5. gr.

Sjóðnum skal aflað tekna með frjálsum samskotum, minningargjöfum, merkjasölu, happdrætti, áheitum eða á annan hátt. Merki sjóðsins er bjarkarlaufin þrjú, sem landsnefnd lýðveldiskosninganna notaði kjördagana og afhenti síðan Skógræktarfélagi Íslands að gjöf.

## 6. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að stofna deildir innan sjóðsins af gjöfum, sem kunna að vera bundnar því skilyrði gefanda, að þeim sé varið til landgræðslu á ákveðnum svæðum, enda samþykki stjórn sjóðsins skipulagsskrá þeirra.

## 7. gr.

Fé Landgræðslusjóðs skal ávaxta í útlánum til þeirra framkvæmda, sem um getur í 3. gr., gegn öruggum tryggingum og hóflegum ársvöxtum. Það fé, sem ekki er bundið í útlánum, skal stjórnin ávaxta á annan tryggan hátt.

Pegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn ein milljón króna er stjórn hans heimilt að verja allt að ¼ vaxta til þess að veita styrki eða verðlaun fyrir störf, sem eru í samræmi við tilgang sjóðsins.

Fé sem rennur í sjóðinn skv. fjárveitingum á fjárlögum skal ráðstafa,

- 1) að hálfu með framlagi til skógræktarféлага, sem sent hafa fyrir 1. desember ár hvert greinargerð um framkvæmdir og kostnað við viðfangsefni, er samrýmast 3. gr. þó aldrei herra en 80% af heildarframlagi.
- 2) að hálfu til skógræktarféлага til verkefna, sem stjórn sjóðsins hefur samþykkt. Skilyrði fyrir framlagi er að viðkomandi hafi lagt fram greinargerð um framkvæmdir og kostnað.

## 8. gr.

Verði fénu ekki öllu varið skv. framanskráðu skal afgangur þess leggjast við höfuðstól.

## 9. gr.

Stjórn Landgræðslusjóðs skal semja reglur um umsóknir og styrkveitingar af framlagi ríkissjóðs, skv. 2. lið 7. gr.

## 10. gr.

Skipulagsskrá þessari má því aðeins breyta, að % stjórnar sjóðsins sé því samþykkt og breytingarnar hljóti auk þess samþykki næsta aðalfundar Skógræktarfélags Íslands með  $\frac{3}{4}$  greiddra atkvæða.

## 11. gr.

Með skipulagsskrá þessari fellur úr gildi skipulagsskrá fyrir Landgræðslusjóð nr. 94 frá 18. júní 1946 og viðaukaskipulagsskrár nr. 110 frá 12. september 1955, nr. 64 frá 21. apríl 1964 og nr. 359 frá 28. september 1977.

## 12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 14. ágúst 1991.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Fanney Óskarsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitu Hveragerðis.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitu Hveragerðis, er tiki gildi 1. september 1991:

Gjaldskrá Rafmagnsveitu Hveragerðis, nr. 135, 18. mars 1991:

Orkugjald, samkv. töxtum C1, C2, C3, D1 og D2 hækki um . . . . . 5%

Aðrir liðir gjaldskrárinnar verði óbreyttir.

*Iðnaðarráðuneytið, 14. ágúst 1991.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## REGLUGERÐ

### um gatnagerðargjöld í Hafnarfirði.

## 1. gr.

Af öllum nýbyggingum, svo og stækkunum eldri húsa hvort sem er á eignar- eða leigulóð í Hafnarfirði, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari.